

gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 201 18. júní 1968, ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðflnsson.*

20. desember 1973.

Nr. 381.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 165 20. maí 1968 um bátaábyrgðarfélög.

### 1. gr.

3. og 4. málsgrein 31. greinar orðist svo:

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, og slík landstaða eða hafnarlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins. Endurgreiðslan skal vera 0.20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skip hefur staðið á landi, en 0.15% af ársiðgjaldi á dag, ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið sem 360 dagar. Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskipa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.

Hafi skip orðið fyrir alaskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti eins og ef skipið hefði staðið á landi.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41 28. apríl 1967, öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

20. desember 1973.

Nr. 382.

## REGLUR

um grandara- og línuspil.

### 1. gr.

#### Grandaraspil.

Skuttogarar, sem smíðaðir eru eftir gildistöku þessara reglna, skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slysaþættu af toghlerum, sem híðir eru í gálga.

Gildir þetta einnig um eldri skuttogara, þyki það sanngjarnt og heppilegt að mati siglingamálastjóra.